

# Höskuldur Þórhallsson (Hovedindlæg)

Norrænir sjónvarpsþættir auka hróður norrænnar menningar víða um lönd. Norrænn almenningur getur horft á og fylgst með norrænu sjónvarpsefni sem dreift er innan Norðurlanda. Það geta verið stakir þættir eins og heimildarmyndir eða fræðsluþættir, lífstíls- eða skemmtiþættir eða þá að um er að ræða leikna framhaldsþætti, grínþætti eða glæpaþætti.

Tilgangur þessarar tillögu er að efla norræna menningu og ímynd Norðurlanda út á við með því að vekja athygli á framleiðslu alls þessa efnis. Það verður að segjast eins og er að ef það er eitthvað sem hefur aukið hróður Norðurlandanna út á við umfram annað þá eru það þessir sjónvarpsþættir sem hafa unnið til verðlauna víða á alþjóðlegum sjónvarpshátíðum en slík verðlaun vantar á Norðurlöndum. Þau vekja athygli á norrænni menningu og geta haft jákvæð efnahagsleg áhrif. Síðast en ekki síst, sem ég tel mjög mikilvægt, þá getur dreifing norræns sjónvarpsefnis stuðlað að aukinni útbreiðslu norrænna tungumála sem mundi hlúa mjög að hinu norræna málsamfélagi. Ég held að við verðum að horfa til þess á tímum alþjóða- og tölvuvæðingar að framleiðsla innlends sjónvarpsefnis getur skipt gríðarlega miklu máli í því að halda á lofti tungu og menningu Norðurlandanna.

Ég held að norrænu sjónvarpsverðlaunin geti orðið stór og mikil hvatning fyrir gerð sjónvarpsefnis. Ég tel reyndar líka að þau geti hjálpað til við að vekja athygli á verðlaunaafhendingunni sem var glæsileg í gær. Við eigum glæsilega fulltrúa á öllum sviðum menningar og ég vonast til þess að þessi verðlaun, þó að kannski hafi ekki verið vilji til að bæta við verðlaunum, fái jákvæða umfjöllun og við munum sjá að þau verði samþykkt. Vonandi verður það fyrr en seinna.

Nordiske tv-programmer giver nordisk kultur berømmelse mange steder i udlandet. De nordiske befolkninger kan se og følge med i nordiske tv-programmer, som distribueres internt i Norden. Der kan være tale om enkeltstående programmer såsom dokumentar- eller undervisningsprogrammer, livsstils- eller underholdningsprogrammer, eller der kan være tale om spillede tv-serier, komiske serier eller krimiserier.

Formålet med forslaget er at styrke nordisk kultur og Nordens image i udlandet ved at profilere produktionen af alle disse programmer. Det må indrømmes, at hvis noget har gjort Norden kendt i udlandet, så er det netop disse tv-programmer, som har vundet priser på internationale tv-festivaler, men her i Norden har vi ingen tilsvarende pris. En sådan kan synliggøre nordisk kultur og have positive økonomiske effekter. Sidst, men ikke mindst noget jeg finder meget vigtigt, det er, at distributionen af nordiske tv-programmer kan bidrage til en øget spredning af de nordiske sprog, hvilket styrker det nordiske sprogfællesskab. Jeg mener, at vi må være opmærksomme på i globaliseringens og digitaliseringens tid, at national tv-produktion vil spille en enorm vigtig rolle, når det handler om at værne om Nordens sprog og kultur.

Jeg mener, at en nordisk tv-pris kan være et stort og vigtigt incitament til produktion af tv-programmer. Jeg tror faktisk også, at den vil være med til at synliggøre prisoverrækkelsen, som var så imponerende i går. Vi har flotte repræsentanter på alle kulturområder, og jeg håber, at en sådan pris, selvom der måske ikke er stemning for at øge antallet priser yderligere, bliver positivt modtaget, og tiden vil vise, om den bliver vedtaget. Det sker forhåbentligt før end senere.

## Tietoja

Puheen numero

358

Laji

Hovedindlæg

Henkilö

[Höskuldur Þórhallsson](#)

Speaker role

Midtergruppens talsperson

Päivämäärä

28.10.15 23:18

Asia

[Medlemsförslag om Nordiska rådets TV-pris](#)